



## Svalbarðsstrandarhreppur

Ráðhúsinu Svalbarðseyri

601 Akureyri

[www.svalbardsstrond.is](http://www.svalbardsstrond.is)

### Sunnuhlíð, Svalbarðsstrandarhreppi - tillaga að deiliskipulagi

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. ágúst 2018 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Sunnuhlíðar skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagstillagan nær til svæðis sem annarsvegar er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og hinsvegar sem verslunar- og þjónustusvæðis V6 í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Skipulagstillagan tekur til byggingar tveggja frístundahúsa og eins einbýlishúss í landi Sunnuhlíðar og auk þess til uppbyggingar ferðaþjónustu á verslunar- og þjónustusvæði V6. Tillagan liggur frammi á sveitarskrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps milli 1. október og 12. nóvember 2018 og á heimasíðu Svalbarðsstrandarhrepps, [svalbardsstrond.is](http://svalbardsstrond.is). Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagstillöguna til mánudagsins 12. nóvember 2018. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast á sveitarskrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps, Ráðhúsinu Svalbarðseyri, 601 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið [postur@svalbardsstrond.is](mailto:postur@svalbardsstrond.is).

Skipulags- og byggingarfulltrúi